

Vinátta virðing viska



Ytra mat Demantabæjar Lindaskóla

Framkvæmd umbóta

Umbótaáætlun í Lindaskóla vegna ytra mats.

Ytra mat var framkvæmt í frístund Lindaskóla skólaveturinn 2020-2021 þar sem stöðva þurfti matið vegna heimsfaraldurs og lauk því ytra matinu haustið 2022. Matið er framkvæmt af einum utan að komandi matsaðila með uppeldis og menntunarfræði bakgrunn, sem ekki starfar hjá Kópavogsbæ. Auk þess sem deildarstjóri frístundadeildar Kópavogsbæjar tók þátt í vettvangsheimsóknum og viðtölum.

Skoðaðir voru fjórir þættir: Stjórnun, Frístundastarf, Mannauður og Staðarbragur. Tekin voru viðtöl við forstöðumann og starfsmenn frístundar skólaveturinn 2020-2021. Rýniviðtal var tekið við sex börn skólaveturinn 2022-2023. Matsmaður kom og skoðaði aðstæður skólaveturinn 2020-2021 og stuttlega aftur skólaveturinn 2022-2023 þar sem ýmsir þættir höfðu breyst í skipulagi.

Í heild kemur skýrslan vel út, styrkleikar frístundarinnar eru margir; starfsfólk almennt ánægt og staðarbragur góður, skipulag og utanumhald gott og samstarf við skóla sérstaklega gott.

Ytra matið býður upp á tækifæri til umbóta og voru helstu þættir sem nefndir voru til umbóta; að unnið sé eftir gildum skólans og stefnu Kópavogsbæjar og frístundarinnar, að hugað sé að rými og hljóðvist, að barnalýðræði sé nýtt betur og að starfsfólk sé virkara í leik með börnum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

STJÓRNUN						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
1. Frístundin vinni betur eftir gildum skólans sem eru Vinátta, Virðing og Viska. 2. Vinna markvissar að stefnu Kópavogsbæjar um Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann. 3. Starfsfólk vinni markvissar eftir áætlun um þjónustu við börn sem þurfa á stuðningi að halda. 4. Að huga betur að hljóðvist í frístundinni. 5. Barnaráð sé stofnað innan frístundarinnar.	1. Að tryggja að farið sé einnig eftir gildum skólans í frístundinni þar sem frístundin heyrir undir skólann og því eiga sömu gildi að mörgu leyti að vera við lýði. 2. Að allar deildir skólans séu þátttakendur í stefnunni og frístundin þar á meðal. 3. Að starfsfólk sé meðvitað um þjónustupörf allra barna og hafi bjargráð til að	1. Kynna gildin betur fyrir börnunum í frístundinni og vinna verkefni samhliða. 2. Búið er að undirrita samning um barnasáttmálann og vinnan hafin í samvinnu skólann og félagsmiðstöðina. 3. Fræðsla er í upphafi skólaárs um helstu greiningar og lögð áhersla á úrræði fyrir þau börn sem þurfa á að halda. Fundir eru í upphafi allra vinnudaga sem gefa tækifæri á að ræða þarfir og úrræði barna og á skipulagsdögum er farið yfir málin af betri dýpt.	1. Mars - maí '23 2. Skólaárið 2022-2023. 3. Vinnan hefur ávallt verið samhliða starfi. 4. Skólaárið 2022-2023. 5. Mars 2023. 6. Skólaárið 2023-2024. 7. Í gangi Skólaárið 2022-2023. 9. Mars 2023.	1. Forstöðumaður frístundar. 2. - 4. Forstöðumaður frístundar og skólastjórnendur. 5. Forstöðumaður frístundar. 6. - 8. Forstöðumaður frístundar og skólastjórnendur. 9. Forstöðumaður frístundar.	1. Forstöðumaður frístundar. 2. - 4. Forstöðumaður frístundar og skólastjórnendur. 5. Forstöðumaður frístundar. 6. - 8. Forstöðumaður frístundar og skólastjórnendur. 9. Forstöðumaður frístundar.	1. - 2. Kanna hvort starfsmenn og börn þekki gildin og stefnur með kynningu og verkefnum. 3. Stöðufundur með starfsfólki. 4. Könnun meðal barna mánaðarlega. 5. Barnaráð hafi verið stofnað. 6. Forstöðumaður sé enn sýnilegri í starfi fyrir augum starfsmanna og barna. 7. Forstöðumaður hefur sæti í nemendaverndarráði.

6. Að forstöðumaður hafi frekari tækifæri til lengri samskipta við börnin í daglegu starfi, jafnvel með ráðningu aðstoðarforstöðu-manns. 7. Að forstöðumaður hafi sæti í nemendaverndarráði. 8. Húsnæðismál, fleiri svæði séu ætluð til frístundaiðkunar og í leik. 9. Skerpa á móttökuáætlun barna með annað móðurmál en íslensku.	sinna þeirri þjónustu. 4. Tryggja betra starfsumhverfi fyrir bæði starfsmenn og börn. 5. Að tryggja að rödd barnanna í frístundinni heyrir og þau fái tækifæri til að hafa áhrif á starf frístundarinnar. 6. Að forstöðumaður hafi frekari tækifæri til að mynda tengsl við börnin. 7. Að mikilvægar upplýsingar um börn í frístundinni fari ekki framhjá forstöðumanni og einnig að forstöðumaður geti upplýst um stöðu mála hjá	4. Börnum er skipt niður í smærri hópa / einingar í frístundinni til að tryggja betri hljóðvist, auk þess sem þeim er boðið heyrnarhlífar sem bæði hafa þann tilgang að dempa hávaða fyrir þann sem þarf að heyra og þann sem veldur honum. 5. Eiginlegt barnaráð er ekki staðar en lýðræðisfundir hafa verið haldnir þar sem rödd barnanna heyrir og þau fá að segja skoðanir sínar og hafa áhrif á ákveðin málefni innan frístundarinnar. Með því að halda lýðræðisfundi með fleiri börnum en einungis þeim sem skipað væri í barnaráð heyrir rödd fleiri barna og fleiri börn fá tækifæri til tjáningar. 6. Forstöðumaður frístundar hefur nú þegar ágætis rými til samveru				8. Börn og starfsmenn hafi nægilegt rými til athafna. Gott að fá mat utanaðkomandi aðila. 9. Móttökuáætlun er sýnileg og vel aðgengileg öllum.
---	--	---	--	--	--	--

	viðkomandi barni í frístundinni. 8. Að auka rými og tækifæri fyrir börnin til leiks. 9. Að gera aðlögun einstaklings með annað móðurmál en íslensku auðveldari.	með börnum frístundarinnar og þekkir hvert og eitt barn nokkuð vel. Starfsfólk frístundar hefur einnig verið virkt í gegnum árin að koma með hugmyndir inn í starfið og hafa þar með áhrif á skipulag 7. Forstöðumaður á sæti í nemendaverndarráði og eru fundnir haldnir tvisvar í mánuði. Hafi forstöðumaður ekki tækifæri til að mæta á fundinn er hann upplýstur um stöðu mála ef málið tengist barni í frístundinni. 8. Frístundin fékk skólaárið 2022-2023 auka stofu til umráða fyrir frístundina. Frístundin stendur þó frammi fyrir ákveðnum takmörkunum þegar að rými kemur sem í boði er og er reynt að gera hið besta úr aðstæðum með því að				
--	--	---	--	--	--	--

		dreifa hópum úti og inni og miða skipulag að því. Farið er í ærslaleiki á frístundagangi innandyra og eru sófar í frístund ætlaðir til leiks sem býður upp á ágætis útrás með koddaslag og byggingu „húsa“, hoppi og skoppi. Óskað hefur verið eftir færanlegum stofum á skólalóð til að auka rými frístundarinnar og er málið í vinnslu. 9. Móttökuáætlun er í skólanum og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Starfsfólk frístundarinnar er með samskiptasíðu á workplace þar sem áætlunin er aðgengileg einnig. Einnig verður notast á við gátlista á fjölmeningarsíðu Kópavogs.				
--	--	--	--	--	--	--

FRÍSTUNDASTARF						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
1. Starfsfólk taki meiri þátt í beinum leik barna og þeirra viðfangsefnum. 2. Hvetja til fjölbreyttari notkun á útisvæði og þess að börn takist á við nýjar áskoranir og verkefni úti með t.d. skipulögðu útinámi. 3. Barnalýðræði sé virkara í starfinu, t.d. með barnaráði eða skipulögðum barnafundum. 4. Nýta mætti hugmyndakassa betur. 5. Virkja börnin meira til þátttöku í skipulagi	1. Að auka tengsl starfsmanna við börnin. 2. Innleiðing útináms og auka þátttöku barna í virkum leik utandyra. 3. - 4. Að tryggja að rödd barnanna í frístundinni heyrir og þau fái tækifæri til að hafa áhrif á starf frístundarinnar. Betri nýting væri að óska eftir fleiri hugmyndum í kassann, þ.e. hugmyndum um fleiri atriði.	1. Fundir eru teknir í upphafi hvers dags og lengri fundir vikulega. Málið er tekið fyrir reglulega og starfsfólk meðvitað um mikilvægi þátttöku í leik með börnunum og virkt í leik að mati forstöðumanns. 2. Leikjamappa er til en sérstök útileikjamappa verður gerð, auk þess sem valdir verða leikir vikunnar hverju sinni. 3. Barnalýðræðisfundir eru haldnir reglulega með mismunandi hóp nemenda. Vísar hér í lið 5 í <i>Tækifæri til umbóta í liðnum Stjórnun</i>.	1. Febrúar – maí 2023. 2. Febrúar – maí 2023. 3. Mars – apríl 2023. 4. - 8. Mars – desember 2023. 9. Skólavetur 2022-2023. 10. Mars – desember 2023. 11. Í gangi, skólavetur 2022-2023.	1. - 11. Forstöðumaður frístundar	1. - 11. Forstöðumaður frístundar	1. 2. Verkefni til útináms eru sýnileg og vel aðgengileg. 3. Barnaráð hefur verið stofnað ásamt því að fundargerðir séu til frá lýðræðisfundum. 4. Hugmyndakassar sýnilegir í stofum frístundar. 5. Foreldrakaffi haldið og börnin virkir þátttakendur. 6. Fundargerðir séu til frá lýðræðisfundum. Einnig fréttabréf með upplýsingum.

viðburða sem haldnir eru í frístundinni, t.d fyrir foreldra og ættingja. 6. Skipuleggja og skrá niður með hvaða hætti börnin koma að ákvarðanatöku í starfinu. 7. Aðstoða börnin við að sjá hvernig og hvenær hugmyndir þeirra eru framkvæmdar. 8. Fjölbreyttari leiðir til að fá fram hugmyndir barnanna. 9. Aðgengi að íþróttasal mögulega erfitt einhverjum nemendum erfitt auk þess sem hljóðvist gæti truflað nemendur með sérþarfir.	5. Börnin séu þátttakendur í stærri viðburðum þar sem foreldrar og ættingjar komi við sögu. 6. Að skráning hugmynda sé gerð með markvissum og ábyrgum hætti. 7. Börnin sjái og hafi vitneskju um að rödd þeirra hafi heyrt og hugmyndir þeirra framkvæmdar. 8. Auka barnalýðræði og fá fleiri hugmyndir inn í starfið. 9. Taka tillit til mismunandi þarfa barna og huga að hljóðvist.	4. Hugmyndakassar hafa verið nýttir til hugmynda um mat til hafa í kaffitíma, leikföng til kaupa og hugmyndir að viðfangsefnum í frístund. Með tilkomu lýðræðisfunda var dregið úr notkun hugmyndakassa en þeir eru komnir upp á ný. 5. Foreldrakaffi var árlega í frístundinni fyrir tíma heimsfaraldurs og tóku börnin virkan þátt í þeirri samkomu með söng- og eða dansatriði, sem æft hafði verið um veturinn, fyrir foreldrana og aðra sem mættu. Það stendur til að taka foreldrakaffi upp aftur. 6. Barnalýðræðisfundir eru haldnir reglulega með mismunandi hóp nemenda. Vísa hér í lið 5 í <i>Tækifæri til umbóta í liðnum Stjórnun</i>. Hugmyndir barna eru				7. - 8. Sýnilegt á töflum á prenti, taka stöðu á fundum. 9. Úttekt stjórnenda þegar tímar eru í gangi í íþróttasal.
---	---	---	--	--	--	---

10. Vinna betur með fjölbreytileika í starfinu. 11. Rými til að leyfa börnunum að hafa áhrif á daginn sinn, með t.d. vali.	10. Að börnunum líði vel og upplifi sig öll jöfn. 11. Börnin hafi áhrif á starf sitt yfir daginn og geti valið sér viðfangsefni.	skráðar niður af fundarstjóra / hópstjóra sem kemur upplýsingunum til forstöðumanns, haldi forstöðumaður ekki fundinn sjálfur. Hugmyndakassa skoðar forstöðumaður reglulega og fer í gegnum hugmyndirnar. 7. Skráð verður í matseðli mánaðarins þegar máltíð á matseðlinum hefur verið ákveðin af barni og sett upp á töflu þegar hugmyndir barna eru framkvæmdar. Í fréttabréfum hefur verið skrifað um þegar ákveðnar hugmyndir barna hafa verið framkvæmdar; hvort sem það tengist kaupum á leikföngum, því sem er á matseðli eða ákveðnu hópastarfi, og verður það gert áfram.				
--	--	--	--	--	--	--

		8. Með óformlegum hætti í almennum spjalli. 9. Nemendum er skipt upp í íþróttasali þannig að smærri hópar fara í salinn í einu. Börnin ráða hvort þau nýta sér tíma í íþróttasali, í boði er að vera heldur í stofu með þeim nemendahóp sem ekki er í íþróttasali þá stundina. Einnig er í boði er að fara með heyrnarhlífir í íþróttasalin. 10. Nýta fjölmenningsíðu Kópavogsbæjar og spila leiki og spil sem stíla inn á fjölbreytileika. 11. Börnin hafi nokkuð frjálst val um viðfangsefni yfir daginn. Helsta bundna valið er innivist og útivist, þ.e. ekki hægt að velja að vera inni þegar allir eru úti. Hinsvegar er oft				
--	--	--	--	--	--	--

		möguleiki á útivist þegar innivera er skráð í stundatöflu. Þau velja einnig hvort þau taka þátt í hópastarfi og eru skráð í hópastarf eftir óskum.				
--	--	--	--	--	--	--

MANNAUÐUR						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
1. Starfsfólk þekki betur starfsáætlun staðarins og Kópavogsbæjar. 2. Áherslur starfsáætlunar og gildi Demantabæjar endurspeglar betur í starfsháttum. 3. Starfsfólk bæti hlustun í samskiptum við börnin.	1. Að allir starfsmenn séu kunnugir starfsáætlun vinnustaðarins. 2. Að starfsfólk nýti sér þau tæki og töl sem starfsáætlunin býður upp á og þekki gildi staðarins.	1. -2. Starfsáætlun frístundarinnar er í vinnurými starfsmanna og sett ný árlega þegar áætlunin er uppfærð. Einnig er farið í gegnum starfsáætlunina á starfsdag árlega. Starfsáætlunin er á heimasíðu skólans og starfsmenn meðvitaðir um það.	1. - 2. Í gangi, skólaárið 2022-2023. 3. - 5. Mars – desember 2023.	1. - 5. Forstöðumaður frístundar.	1. -5. Forstöðumaður frístundar.	1. Stutt könnun til starfsmanna þar sem kannað er hvort helstu hlutar starfsáætlunarinnar séu kunnugir starfsfólki. 2. - 5. Forstöðumaður frístundar fylgist með og fylgir eftir umbótum.

4. Starfsfólk sé virkara í leik með börnum. 5. Bæta vinnuaðstöðu, rými geri þó erfitt fyrir.	3. - 4. Aukin virkni starfsfólks eykur tengsl milli starfsmanna og barna. 5. Meira rými býður upp á betri hljóðvist og aukna möguleika hvað leik varðar.	3. -4. Vísa í lið 1 í <i>Aðgerðir til umbóta í liðnum Frístundastarf.</i> 5. Vísa í lið 8 í <i>Aðgerðir til umbóta í liðnum Stjórnun.</i>				
---	---	--	--	--	--	--

STAÐARBRAGUR						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
1. Vinna með gildi staðarins í þeim tilgangi að móta andrúmsloft betur, t.d. með því að hafa þau sýnileg á starfsstaðnum svo börn og starfsfólk vinni betur eftir þeim.	1. Að allir starfsmenn viti hvaða stefnu sé unnið eftir og hver gildi starfsstaðarins séu. 2. Aukin virkni starfsfólks eykur tengsl milli	1. 2. Vísa í lið 1 í <i>Aðgerðir til umbóta í liðnum Mannauður.</i> Gildi vinnustaðarins verða auk þess sýnilegri og tekin reglulega fyrir á fundum ásamt því að starfsfólk verður virkt í þátttöku á verkefnum með	1. Skólaárið 2022-2023. 2. Skólaárið 2022-2023.	1. Forstöðumaður frístundar 2. Forstöðumaður frístundar	1. Forstöðumaður frístundar 2. Forstöðumaður frístundar	1. Staðan tekin á fundum og starfsdegi með skilvirkri umræðu. 2. Forstöðumaður frístundar fylgist með og fylgir eftir umbótum.

2. Aðgangur barna að starfsfólki væri enn greiðari ef það tæki virkari þátt í leik.	starfsmanna og barna.	börnunum tengdum gildunum. 2. Vísa í lið 1 í <i>Aðgerðir til umbóta</i> í liðnum <i>Frístundastarf</i> .				
---	-----------------------	---	--	--	--	--